# Leikskólinn Fífuborg

# 2025– 2026



**Starfsáætlun Fífuborgar**

**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs**
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

1 Greinargerð leikskólastjóra ... 3

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025 ... 5

3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026 ... 9

4 Innra mat deilda 2024-2025 ... 12

4.1 Hulduheimar ... 12

4.2 Dvergheimar ... 14

4.3 Álfheimar ... 15

4.4 Ljósheimar ... 17

5 Umbótaáætlun deilda 2025-2026 ... 18

5.1 Hulduheimar og Dvergheimar ... 19

5.2 Álfheimar ... 20

5.3 Ljósheimar ... 21

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. ... 22

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ... 22

8 Foreldrasamvinna ... 23

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal ... 24

10 Fylgiskjöl ... 24

10.1 Umsögn foreldraráðs ... 25

10.2 Leikskóladagatal ... 29

10.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn) ... 30

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Vaninn er í lok skólaársins að staldra við og líta yfir farinn veg og draga saman það sem hæst bar í starfsemi leikskólans á liðnu skólaári og um leið leggja línur að því næsta.

Þegar dregið er saman það sem hæst bar í starfsemi leikskólans Fífuborgar á síðasta skólaári er vert að nefna að starfsemi leikskólans fluttist aftur í Fífurima þann 8. ágúst 2024. Þá var starfsemin búin að vera í Húsaskóla í eitt ár vegna framkvæmda við húsnæði Fífuborgar. Starfsmenn, börn og foreldrar voru að vonum mjög glöð að vera komin til baka í endurgert húsnæðið. Fífuborg er fyrsti endurgerði leikskólinn til að hljóta Svansvottun samkvæmt endurbóta viðmiðum Svansins. Í dag erum við búin að koma okkur vel fyrir í endurgerðu og breyttu húsnæðinu.

Fífuborg hefur tekið þátt í innleiðingarverkefni *Heillaspora* í vetur. Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og snýst um að allir, bæði börn og starfsfólk finni til öryggis og vellíðan í leikskólanum og nýti styrkleika sína og hæfileika til fulls. Innan leikskólans starfar innleiðingarteymi sem vinnur með ráðgjafa frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Hægt er að lesa nánar um Heillaspor í skólanámskrá Fífuborgar á heimasvæði leikskólans og hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Í vetur endurgerðum við skólanámskrá Fífuborg í samræmi við aðalnámskrá leikskóla 2023. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans þar sem leikskólinn setur sér markmið og skilgreinir leiðir að þeim. Á skipulagsdegi síðasta vetur tóku allir starfsmenn þátt í að vinna að endurgerð hennar með því að vinna í hópum að hugmyndum varðandi námskrána og þá helst þær breytingar sem hafa orðið í aðalnámskrá 2023. Stjórnendur leikskólans tóku svo við keflinu og kláruðu hana í vor. Foreldraráð fór yfir hana og kom með góðar ábendingar og síðan var henni skilað til SFS til yfirferðar.

Haldið var áfram með þróunarverkefnið *Litlu könnuðirnir* síðasta vetur en okkur hefur tekist í gegnum þetta þróunarverkefni að festa könnunaraðferðina í sessi í leikskólastarfinu. Könnunaraðferðin eflir í raun alla lykilþætti Menntastefnu Reykjavíkur. Við höfum verið að leggja áherslu á félagsfærni og bernskulæsi í gegnum þessa aðferð, þ.e. að börnin þrói með sér færni í samskiptum og samvinnu og eflist í flestum þáttum læsis. Hægt er að lesa nánar um könnunaraðferðina í skólanámskrá Fífuborgar á heimasvæði leikskólans.

Við fengum tvo nema frá Þýskalandi í nokkrar vikur í Fífuborg fyrir áramót í tengslum við Erasmus+ samstarfsverkefnið á milli Fífuborgar og Eugen-Kaiser-Schule í Hanau í Þýskalandi. Það gekk mjög vel eins og ávallt og eigum við von á þremur nemum frá þeim í september.

Næsta skólaár höldum við áfram með könnunaraðferðina. Sem fyrr segir er búið er að festa vinnu með hana í sessi í leikskólastarfinu. Við munum leggja áherslu á frjálsan leik í tengslum við breytingar á aðalnámskrá leikskóla 2023. Leikurinn er kennslutæki okkar í leikskólanum og á honum grundvallast allt starf skólans. Markmiðið er að allt starfsfólk sé sammála um að frjálsi leikurinn fái meira vægi í dagskipulaginu okkar en áður. Einnig stendur til að efla okkur í skráningu í leik og starfi. Markmiðið er að leikskólinn beri þess merki að gerðar séu skráningar á námi barnanna. Athuganir og skráningar eru hugtök sem eru notuð yfir aðferðir við að safna markvisst gögnum í leikskólastarfi. Um er að ræða leiðir til að afla upplýsinga um nám, þroska og líðan barna svo dæmi séu tekin. Þar að auki stefnum við að því að gera útiveruna skemmtilegri í leikskólanum. Það ætlum við að gera með því t.d. að gera hlutverk starfsmanna í útiveru enn skýrara og að starfsfólk hafi áherslur Heillaspora í huga í öllum sínum samskiptum við börnin í útiveru.



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat leikskólans var unnið eftir þeim þáttum sem matsteymi Fífuborgar ákvað að yrðu metin veturinn 2024 – 2025 og var gert ráð fyrir endurmati starfsfólks, barna og foreldra. Börnin endurmátu nokkra þætti starfsins og fór það þannig fram að rætt var við börnin í hóp þar sem þau voru m.a. spurð um hvað þeim fannst um liðinn atburð. Börnin voru hvött áfram með opnum spurningum s.s. hvað, hvernig, hvers vegna og eins spurð að því hvort það væri eitthvað sem þau vildu gera öðruvísi. Könnun var send á foreldra um Ellu umhverfisdúkku og starfsfólk fékk könnun um fyrirkomulag styttingu vinnuvikunnar. Matslistar sem stuðst var við eru heimagerðir listar um endurmat (Sjá fylgiskjal, bls. ). Þá var endurmatshringur Fífuborgar notaður.

### Endurmatshringur Fífuborgar



**Innra mat**

| Hvað var metið? | Undirbúningstímar |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarstjórafundum reglulega yfir árið |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Stjórnendur, deildarstjórar |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Heilt yfir gekk vel að sinna undirbúningi. Starfsmenn sem hafa ákveðin verkefni gátu sinnt þeim. Skráningarblöð voru notuð að einhverju leyti til að bæta yfirsýn á stöðu undirbúnings en það var ekki gert á öllum deildum. Styrkleikar eru reynslumiklir deildarstjórar sem dreifa verkefnum til sinna starfsmanna og einnig reynslumikið starfsfólk sem sinnir sínum verkefnum af áhuga. Tækifæri til umbóta eru að skoða betur með starfsfólki sem er ekki með lögbundin undirbúning hvernig undirbúningur er settur fram í kjarasamningi Eflingar. Einnig að nota Skráningarblöð til að auka yfirsýn. |

| Hvað var metið? | Frjáls leikur |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á skipulagsdegi með öllu starfsfólki |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Allt starfsfólk sé sammála um að frjálsi leikurinn fái meira vægi í dagskipulaginu okkar en áður. Umræður um frjálsan leik hafa farið fram á deildarfundum og skipulagsdögum. Styrkleikar er stafsfólk með mikla reynslu sem hefur góða þekkingu á frjálsum leik. Búið var að bóka fyrirlesara á skipulagsdag sem forfallaðist en við ætlum að fá hann til okkar næsta skólaár og fræðast meira um frjálsan leik. |

| Hvað var metið? | Opinn efniviður |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarstjórafundum og deildarfundum reglulega yfir árið |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Umræður um opinn efnivið hafa farið fram reglulega í vetur. Gerðir voru listavagnar fyrir Hulduheima og Dvergheima til að auka aðgang barnanna að verðlausum efnivið. Leikefni sem boðið er uppá er mjög opið en alltaf má gera betur. Verkefnastjóri skapandi læsis notar |

| | |
|---|---|
| | mikið af opnum efnivið í ýmiskonar sköpun. Hér er tækifæri til umbóta að fara betur yfir leikefni leikskólans og horfa með gagnrýnum augum á það sem er keypt. |

| **Hvað var metið?** | **Bernskulæsi** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á læsisteymisfundum reglulega yfir árið |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Deildarstjórar, læsisteymið |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Verkefnastjóri fyrir *skapandi læsi* var skipaður í vetur. Vinna hans með orðaforða og listsköpun heppnaðist ótrúlega vel, sem sjá mátti á veggjum leikskólans. Unnið var markvisst með bókina *Orð eru ævintýri* á eldri deildum leikskólans og fengum við fyrirlestur frá Emmu og Þóru Sæunni frá MML um frekari vinnu með bókina. Við fengum staðfestingu frá þeim að hér væri verið að vinna flott starf og þær upplifðu umhverfi leikskólans sem þriðja kennarann. Fulltrúar úr læsisteyminu fóru í heimsókn í Funaborg og skoðuð þeirra vinnu með bernskulæsi og er áhuga á að þróa slíka vinnu hér í Fífuborg en ákveðið var að bíða aðeins með það. Styrkleikar eru ótrúlega áhugasamt læsisteymi sem smitar út frá sér áhuga sem skilar sér til annara starfsmanna. |

| **Hvað var metið?** | **Námskrá Fífuborgar** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á deildarstjórafundum og deildarfundum reglulega yfir árið. |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Stjórnendur, deildarstjórar, foreldráð |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Starfsfólk kynnti sér nýju kaflana í aðalnámskrá og lásu handbókina um leikinn. Á skipulagsdegi var unnið í litlum hópum þar sem starfsfólk ígrundaði og rýndi í starfið út frá nýju köflunum. Niðurstöður úr þeirri vinnu voru nýttar við uppfærslu á nýju skólanámskránni okkar. Lokadrög að henni voru tilbúin í maí 2025 og send til yfirlestrar hjá SFS ásamt umsögn frá foreldraráði. Áætlað er að allt starfsfólk lesi nýju námskrána í upphafi næsta skólaárs. |

| **Hvað var metið?** | **Starfsmannasáttmáli** |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Á skipulagsdegi |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Starfsfólki var skipt í hópa og fór hver hópur yfir starfsmannasáttmálann. Allir voru sammála um að hann |

| | |
|---|---|
| | væri enn í góðu gildi en mætti vera notaður meira t.d. á skipulagsdögum og deildarfundum til að minna á og skapa umræður. Starfsfólk talaði líka um að skjalið sjálft þyrfti smá upplyftingu, þ.e. uppfæra orðalag og hafa það sýnilegra á stað þar sem auðvelt væri að grípa í það. |

| Hvað var metið? | Foreldrakönnun |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Rafræn könnun |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allir foreldrar |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Foreldrar áttu að fá tvær kannanir þennan veturinn en ekki náðist að senda könnun um aðlögun nýrra barna vegna mikilla anna í tengslum við flutninginn úr Húsaskóla. Foreldrar fengu könnun um verkefnið Ellu umhverfisdúkku. Aðeins 28 foreldrar svöruðu könnuninni. 86 % veit hvað verkefnið gengu út á. 75% höfðu orðið vör við verkefnið í leikskólanum. 33% fékk upplýsingar um verkefnið frá leikskólanum, 36% í samtölum við barnið sitt og 28% í verkefnum sem barnið kom með heim. 57% barna hafa talað um verkefnið heima oft, stundum eða sjaldan en 43% aldrei. Öll börnin sýna umhverfismálum heima áhuga með ýmsum hætti. Umbætur eru að auglýsa könnunina betur t.d. í fréttabréfi deilda og hengja upp auglýsingu þegar við sendum kannanir á foreldra. |

| Hvað var metið? | Starfsmannakönnun um styttingu vinnuvikunnar |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Rafræn könnun |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Starfsfólk sem vann í Fífuborg áður en við breyttum hvernig við tökum út styttingu. |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | Allir sem fengu könnunina svöruðu. 63% er mjög ánægt með nýja fyrirkomulagið en 38% nokkuð ánægð. 33% finnst álagið hafa minnka verulega eftir breytingu, 44% finnst það hafa minnkað aðeins, 22% finnst það óbreytt. 88% vilja halda áfram með nýja fyrirkomulagið og 13% hafa ekki skoðun á því. Við munum halda áfram með sama fyrirkomulag næsta vetur. |

**Ytra mat**

| Hvað var metið? | Hæfilegt vinnuálag |
|---|---|
| **Hvernig fór matið fram?** | Viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar |
| **Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)** | Allt starfsfólk |
| **Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)** | 17 starfsmenn svöruðu þessum þætti í könnuninni en 71 % sögðu að álagið væri of mikið. Það er 13% hækkun síðan í fyrra. Unnið var með niðurstöður á skipulagsdegi og var starfsfólk sammála um að álagið sem fylgir haustinu hafi haft áhrif hvernig það svaraði þessari spurningu. Í könnunun okkar um styttingu vinnuvikunnar sem tekin var að vori kemur vel í ljós að starfsfólk upplifi minna álag. Hér vinnur reynslumikið starfsfólk sem er óhrætt við að segja sína skoðun og finna lausnir. Við munum halda áfram að finna leiðir til að minnka álagið. Við bindum vonir við að á næsta skólaári upplifi starfsfólk minna álag með nýja styttingar fyrirkomulaginu. |

# 3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

| Stjórnun | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | **Móttaka nýrra starfsmanna** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að vera með virka móttökuáætlun. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Deildarstjórar taka á móti og þjálfa nýtt starfsfólk í samvinnu við annað starfsfólk á deildinni.<br>Deildastjórar taki nýtt starfsfólk í viðtal eftir fjórar vikur í starfi og í allt að fjögur skipti eftir það. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Á deildarstjórafundum.<br>Í starfsmannaviðtölum leikskólastjóra |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að nýtt starfsfólk sé tekið í viðtal allt að fjórum sinnum og fylli út viðtalsblað fyrir það. Að nýtt starfsfólk upplifi tilfinningalegt öryggi og tekið sé á móti þeim með hugmyndafræði Heillaspora í huga og það upplýst um innleiðingu á því verkefni. Að deildarstjóri fylgi nýju starfsfólki betur eftir og tengi það við lykilstarfsmann sem sinnir þjálfun þegar deildarstjóri er ekki við. Að nýtt starfsfólk lesi starfsmannahandbók, Skólanámskrá, Starfsfáætlun og fái nýliðafræðslu á vegum SFS þegar við á. |

| Uppeldis og menntastarf | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | **Útivera** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að uppfæra upplýsingablað um útiveru. Að hlutverk starfsmanna í útiveru verði enn skýrara. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að upplýsingablað um útiveru sé enn skýrari og sé á áberandi stað. Að starfsfólk viti hvert hlutverk þeirra sé eftir því á hvað svæði þeir eru í útiveru. Að starfsfólk hafi áherslur Heillaspora í huga í öllum sínum samskiptum við börnin í útiveru. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur, Innleiðingateymi Heillaspora |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Á deildarfundum.<br>Á skipulagsdögum.<br>Í samtölum við börnin. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að starfsfólk sinni þeim hlutverkum sem þeim er ætlað í útiveru. Að starfsfólk dreifist betur um garðinn og séu á sínum svæðum. Að útiveran auðgist með meiri þátttöku starfsmanna og fjölbreyttari verkefnum fyrir börnin. Að starfsmenn temji sér hæglæti, sé til staðar og styðji við samskipti barnanna í anda Heillaspora. Að starfsmenn klæðist  vestum í útiveru. |

| Uppeldis og menntastarf | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | **Skráningar** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að leikskólinn beri þess merki að gerðar séu skráningar á námi barnanna. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Sjá umbótaáætlun deilda. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjórar og allir starfsmenn |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Umræður á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar og umræður á skipulagsdögum. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Sjá umbótaáætlun deilda. |

| Mannauður/leikskólabragur | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | **Starfsandi** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að viðhalda góðum starfsanda |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að starfsmannahópurinn skoði saman hvað það er sem viðheldur góðum starfsanda. Fá hugmyndir hvað við getum gert innan og utan veggja leikskólans til að gera starfsandann enn betri. Gera hugmyndakassa þar sem starfsfólk getur sett inn hugmyndir, hrós og ábendingar til að viðhalda góðum starfsanda. Fá fræðslu sem eflir andlega og félagslega vellíðan og samskipti. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur, deildarstjórar, allt starfsfólk |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Könnun Reykjavíkurborgar um stofnun ársins |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að þátturinn sem tengist starfsanda hækki í næstu viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar. |

| Innra mat | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** | **Foreldrakönnun** |
| **Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?** | Að foreldrar/forráðamenn taki þátt í að meta starf leikskólans. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að foreldrar nýrra barna fái könnun um aðlögun.<br>Að foreldrar fái könnun um hvaða tímasetning henti best þegar boðið er á foreldraskemmtun. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst haustið 2025. Lokið vorið 2026. |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Senda út rafræna könnun til foreldra nýrra barna um aðlögun fljótlega eftir að henni lýkur.<br>Senda rafræna könnun til allra foreldra um foreldraskemmtun i október. |
| **Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði** | Að senda könnun um aðlögun nýrra barna og um tímasetningu á foreldraskemmtun. Að svarhlutfall verið hærra en var árið 2025. |

# 4 Innra mat deilda 2024-2025

## 4.1 Hulduheimar

Á Hulduheimum voru 17 börn í vetur, 12 fædd 2019 og  5 fædd 2020, voru yngri börnin í skipulögðu starfi með Dvergheimum.

Í vetur höfum við unnið með frjálsa leikinn, opinn efnivið og bernskulæsi með góðum árangri.  Við myndum vilja efla vinnu með bernskulæsi enn betur og festa þá vinnu betur í sessi á deildinni og munum því halda áfram að efla  vinnu með bernskulæsi. Opinn efniviður hefur verið mikið notað í vetur og fléttast inn í frjálsa leikinn og hefur gengið vel. Við teljum að frjálsi leikurinn og leikur með opinn efnivið sé búinn að festast í sessi í leikskólanum. Við munum halda áfram að vinna með þá til að ýta undir leikgleði og félagsleg samskipti barna.

**Styrkleikar**

Flestir kennarar deildarinnar eru með langa starfsreynslu og þekkja vell hvað opinn efniviður er og hvernig hægt er að nýta hann í leik, fræðslu og listsköpun með börnunum. Börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og fá tækifæri til að nota ímyndunarafl sitt í leiknum yfir leikskóladaginn.  Samhliða opnum efnivið ýtum við undir frjálsa leikinn hjá börnunum. Þar efla þau samvinnu og félagsfærni sína, leysa úr ágreiningi sín á milli og gera málamiðlanir í leiknum. Þau læra að þekkja svipbrigði og líkamstjáningu, tjá skoðanir sínar og langanir í hóp á farsælan hátt. Bernskulæsi nær yfir alla undirstöðuþætti lesturs, s.s. tal, hlustun, málskilning, orðaforða og ritun. Börnin byggja ofan á þann orðaforða sem þau hafa fyrir í samskiptum í leik og starfi. Allir kennararnir á deildinni tala góða íslensku sem eflir ríkulegt málumhverfi barnanna.





**Tækifæri**

**Tækifæri til umbóta** er að hvetja starfsfólk til að kynna sér þann efnivið sem er til. Það leiti sér upplýsinga um opinn efnivið, frjálsan leik og bernskulæsi. Börn fái leiðsögn kennara í að nota opinn efnivið í frjálsa leiknum og ímyndunarafl sitt með félögunum. Í sögustundum er hægt að hvetja börnin til að hlusta eftir og spyrja um orð/setningar sem þau skilja ekki.

**Frjáls leikur:** Mikilvægt er að vera til staðar í leiknum með börnunum og hafa í boði aukaefni til að ýta undir hugmyndaflæði barnanna í leiknum. Hvetja til samvinnu milli leiksvæða og fara í heimsókn til hvers annars á svæðum innan deildar.

**Opinn efniviður:** Að kynna þann efnivið sem til er á skipulagsdegi og starfsmenn finni tækifæri og leiðir til að nota opinn efnivið með börnunum. Mikilvægt að opinn efniviður sé alltaf til staðar fyrir börnin í leik og starfi.

**Bernskulæsi:** Vinna eftir læsisáætlun Fífuborgar og styðja við bernskulæsi barnanna á Hulduheimum. Merkja hluti með orðum en án mynda, efla börnin í að hlusta eftir orðum og spyrja hvað þau þýða.  Búa til orðaorm og hafa hann virkan allan veturinn.





## 4.2 Dvergheimar

Á Dvergheimum voru 18 börn í vetur, 11 börn fædd 2020 og 7 börn fædd 2021. Mikið samstarf var í vetur við Hulduheima sem er elsta deildin á Fífuborg.  Það komu 5 börn fædd 2020 frá þeim yfir á Dvergheima í allt skipulagt starf. Börnin voru mjög ánægð með þetta samstarf á milli deildana og voru alltaf spennt að koma yfir á Dvergheima að hitta jafnaldra sína.

### Styrkleikar

Á Dvergheimum er reynslumikið starfsfólk sem eru fyrirmyndir fyrir nýliða í kennarahóp deildarinnar og geta leiðbeint og sagt frá hvað hugtökin frjáls leikur, opinn efniviður og bernskulæsi merkja í leikskólastarfinu.

Regluleg tækifæri gefast yfir veturinn fyrir starfsfólk til að ræða um umbótaþætti deildarinnar á deildarfundum og meta hvort markmiðum sé náð.





### Tækifæri

**Tækifæri til umbóta:**  Að starfsfólk deildarinar rifji upp hvað felst í hugtökunum; frjáls leikur, opinn efniviður og bernskulæsi og deili sín á milli skilning á hugtökunum og leiðum að þeim í deildarstarfinu.

**Frjáls leikur:** Að skapa tíma og rými fyrir einn langan leikdag yfir leikskólavikuna þar sem börnin fá tækifæri til að sökkva sér í leikinn og gleyma stað og stund.

**Opinn efniviður:** Að kynna þann opna efnivið sem er til á deildinni á deildarfundi og nýta opinn efnivið sem viðbót við leikföng leikskólans í leik og starfi með börnunum. Starfsfólk deildarinnar passi upp á að það sé alltaf í boði opinn efniviður í leik barnanna, hvort sem það er viðbót með öðrum leikföngum eða hann sé notaður einn og sér í leik.

**Bernskulæsi:** Merkja hluti og búnað inni á leikskóladeildinni með mynd og texta, svo öll börn nái betur að tengja texta og mynd saman.

  

## 4.3 Álfheimar

Á Álfheimum vorum við með 17 börn veturinn 2024-25, 10 fædd 2021 og 7 fædd 2022.

Umbótaþættir síðasta vetrar voru opinn efniviður, frjáls leikur og bernskulæsi.

**Styrkleikar**

**Frjálsi leikurinn:** Við tókum einn dag í viku fyrir flæði/frjálsan leik. Þar fengu börnin tækifæri á að leika sér án truflunar í lengri tíma. Okkur fannst þetta koma vel út, börnin nutu sín í leik. Starfsmönnum gafst gott tækifæri til að rýna í leik þeirra og að hjálpa þeim sem þurftu hjálp. Við munum halda áfram að gefa frjálsa leiknum aukið rými næsta vetur. Flæði, þar sem börnunum er gefin tími og rými fyrir leikinn, er í anda Heillaspora. Við teljum þessum þætti lokið.

**Bernskulæsi:** Við tókum okkur á og merktum mjög mikið á deildinni okkar. Við merktum leikföngin, hillur og aðra hluti með bæði texta og mynd. Einnig erum við með veggspjöld með tölustöfum og bókstöfum uppi við, Lubba tákn, bókaorm ofl. Deildin okkar er orðin mjög myndræn og flest allt í augnhæð barnanna. Auðvelt er fyrir kennarann að nota þetta í t.d. málörvun og til þeirra sem þurfa meiri stuðning daglega. Teljum þessum þætti lokið.

**Opinn efniviður:** Við náðum ekki að kafa dýpra í opna efniviðinn í vetur eins og við stefndum að. Við sjáum tækifæri til þess að vinna meira með hann með áherslu á útiveruna, sem er umbótarliður sem við tökum næsta vetur. Því ætlum við að hafa opinn efnivið áfram í umbótaráætlun okkar næsta vetur.







**Tækifæri**

**Frjálsi leikurinn:** Starfsmenn urðu öruggari í því að leyfa leiknum að flæða og taka sinn tíma. Þeir sáu að þarna var mjög gott tækifæri fyrir börnin að læra af hvort öðru, að vera tilbúin að hjálpa, sýna tillit og einnig standa á sínu. Einnig myndast gott tækifæri og tími fyrir börn með sérþarfir eða fjöltyngd börn að taka þátt í leiknum og tengjast hinum börnunum.

**Bernskulæsi:** Starfsmenn fóru að nýta sér allt það myndræna sem sett var á veggina fyrir t.d. málörvun fyrir fjöltyngdu börnin og að auka öryggistilfinningu barnanna um að vita meira hvað kæmi næst í dagskipulaginu og til hvers er ætlast af þeim.

**Opinn efniviður:** Starfsmenn notuðu þann efnivið sem þegar er til í leikskólanum, en okkur fannst að það vantaði að kafa dýpra og t.d. finna fleiri leiðir til að nýta opinn efnivið í leik. Við sjáum að þarna líkt og í frjálsa leiknum er gott tækifæri fyrir öll börnin á deildinni að vinna saman og þróa með sér hæfileika eins og að virða skoðanir annarra, skiptast á og auka ímyndunaraflið og sköpun.







## 4.4 Ljósheimar

Á Ljósheimum eru yngstu börn leikskólans og í vetur vorum við með 8 börn fædd 2022 og 8 börn fædd 2023. Umbótaþættir síðasta vetrar voru opinn efniviður, frjáls leikur og bernskulæsi.

**Styrkleikar**

Á Ljósheimum er reynslumikið starfsfólk sem er búið að vinna saman í fjölda ára og má segja að það sé helsti styrkleiki deildarinnar. Við vinnum vel saman og allir eru meðvitaðir um hlutverk sín. Styrkleiki hvers starfsmanns fær að njóta sín og oftast gengur allt smurt fyrir sig. Ef við fáum nýtt starfsfólk eru allir duglegir að leiðbeina og miðla af reynslu sinni. Umbótaþættir eru ræddir reglulega á deildarfundum og skipulagsdögum.

Opinn efniviður: Á Ljósheimum erum við með blöndu af opnum og lokuðum efnivið. Börnin hafa greiðan aðgang að ýmsum opnum efnivið s.s kubbum, könnunarleiksefnivið, teppum og púðum. Börnin njóta sín í leik með opnum efnivið og er það vinsælt leikefni.

Frjáls leikur: Við leggjum mikla áherslu á frjálsan leik og reynum að gefa honum góðan samfelldan tíma. Við sjáum miklar framfarir í leik hjá börnunum, hann varð bæði fjölbreyttari og þau entust í lengri tíma eftir því sem leið á skólaárið.

Bernskulæsi: Einn starfsmaður Ljósheima er í læsisteymi Fífuborgar og miðlar hún til okkar hvað er rætt á fundum hjá þeim og þannig fáum við ýmsar hugmyndir um hvað er hægt að gera betur.





**Tækifæri**

**Tækifæri til umbóta:** Að starfsfólk deildarinnar rifji reglulega upp hvað opin efniviður er, kíki reglulega á læsiáætlun Fífuborgar og passi upp á að frjálsi leikurinn fái tíma og rými til að þróast. Að nýju starfsfólki sé bent á hvar það geti aflað sér upplýsinga um þessa þætti.
**Opinn efniviður:** Að starfsfólk Ljósheima sé duglegra að ná í opinn efnivið sem til er í leikskólanum eins og t.d holukubba og vera með inni á deild.
**Bernskulæsi:** Að merkja hillur og kassa upp á nýtt en börnin á Ljósheimum hafa einstaklega gaman af að plokka þessa miða af. Merkja með bæði mynd og texta en þá er auðveldara fyrir börnin að átta sig á hvar hver hlutur á að vera.

## 5 Umbótaáætlun deilda 2025-2026

Þeir umbótaþættir sem teknir verða fyrir skólaárið 2025 – 2026 eru útivera og skráning.

**Útivera**



Útivera er stór þáttur í leikskólastarfinu, börnin fara a.m.k einu sinni út á dag. Í útiveru eru börnin að efla félags-, hreyfi-, líkams- og vitsmuna þroska. Útivera er fyrir öll börn óháð aldri og færni. Útivera barna hefur jákvæði áhrif á nám og einbeitingu. Í útiveru geta börnin kynnst náttúrunni og gróðrinum sem er í leikskólagarðinum og nánasta umhverfi leikskólans að auki fá börn útrás fyrir hreyfiþörf sinni þegar þau eru úti.



**Skráning**

Skráningar er tæki sem nýtist til þess að skrá hugmyndir og leik barna. Í gegnum leikinn fá börnin tækifæri á að skoða, rannsaka og þróa leik sinn og nám. Með því að fylgjast með leiknum getur starfsfólk nýtt skráninguna til að læra um börnin, áhuga þeirra og styrkleika.

Með skráningum er hægt að afla upplýsinga um þroska og nám barna og einnig um starfið í leikskólanum.

## 5.1 Hulduheimar og Dvergheimar

| Dvergheimar/Hulduheimar 4-6 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Útivera |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Auðga útiveruna fyrir öll börn óháð aldri. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að öll börn njóti sín í útiverunni og finni sér áhugaverð viðfangsefni úti, útikennsla, uppbrot á útiveru með skemmtilegum leikföngum og þrautum. Að nýta endurnýjanlegan efnivið í útiveru t.d gömul lök, teppi, sængurver til að búa til hús o.f.l. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur, deildastjórar og allir starfsmenn |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haustið 2025 - vorið 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Á skipulagsdögum og deildarfundum, í umræðum við börnin á deildinni um upplifun þeirra á útiverunni. |

| Dvergheimar/Hulduheimar 4-6 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Skráning |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að gera eina leikskráningu fyrir hvert barn yfir skólaveturinn með myndum og texta. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Allir starfsmenn deildarinnar taka þátt í skráningunni, fylgjast með leik barnanna í litlum hóp og skrá niður hvernig samskipti barnanna er í leiknum og taka myndir í leikstundinni. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri og allir starfsmenn |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haustið 2025- vor 2026 |

| | |
|---|---|
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Umræður á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar og umræður á skipulagsdögum.<br>Viðtal við börnin á H.h. um hvað þeim finnst um skráningar. |

## 5.2 Álfheimar

| Álfheimar fædd 2022 og 2023 | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Útivera. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Markmið okkar er að gera útiveruna fjölbreyttari og lærdómsríkari fyrir öll börn óháð aldri og getu. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Skoða það sem er í boði fyrir börnin í útiverunni. Hvað má taka út, hvað má bæta við, getum við haft meira af opnum efnivið í útiverunni og þá hvað og hvernig. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | 2025-2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Notum reglulega skráningar í leik barnanna. Kennarar fara yfir skráningarnar á deildarfundum. |

| Álfheimar fædd 2022 og 2023 | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Skráningar. |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Markmið okkar er að vinna meira í því að gera skráningar yfir veturinn. Skráningar með leikinn og ýmis verkefni. Eins að senda reglulega Sway skjal til foreldrana um það sem við erum að vinna að hverju sinni. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Vinnum markvissara með skráningar inná deild. Hver starfsmaður hefur umsjón með nokkrum börnum og fylgist með leik þeirra, líðan og stöðu hverju sinni. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | 2025-2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Förum yfir þær skráningar sem við gerum inná deild eða í útiverunni á deildarfundum. Fylgjumst þannig betur með framförum barnanna og að koma auga á ef einhver þarf frekari aðstoð félagslega. |

## 5.3 Ljósheimar

| Ljósheimar 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Útivera |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að öll börn á Ljósheimum njóti sín í útiveru, óháð aldri, þroska og getu.<br>Að börnunum sé mætt af virðingu í þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur í útiveru. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Að bjóða upp á fjölbreytt verkefni þannig að allir geti fundið eitthvað sem þeir hafa áhuga á og getu til að gera.<br>Að starfsfólk dreifi sér um útisvæðið og sé vakandi fyrir tækifærum til að efla þroska barnanna og sjálfstæði. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri og starfsfólk Ljósheima |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 til vors 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Umræður á deildarfundum og skipulagsdögum. |

| Ljósheimar 1-3 ára | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)** | Skráningar |
| **Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?** | Að efla hlut skráninga í daglegur starfi. |
| **Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?** | Vera dugleg að taka myndir af öllum börnunum í leik og starfi. Rýna í myndirnar og sjá hvað þær segja okkur um börnin. Prenta út myndir og nota þær sem tæki til að rifja upp með börnunum hvað við vorum að gera.<br>Senda sway skjöl reglulega til foreldra þar sem mörg barnanna hafa ekki færni til að segja mikið frá hvað þau eru að gera í leikskólanum. Þannig geta foreldrar séð hvað við erum að gera og rætt við börnin sín um leikskólann. Einnig getum við nýtt okkur sway skjölin til að rýna í starfið hjá okkur. |
| **Ábyrgð** | Deildarstjóri og starfsfólk Ljósheima |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Haust 2025 til vors 2026 |
| **Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)** | Umræður á deildarfundum og skipulagsdögum. |

# 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í október 2024 og júní 2025. Deildarstjórar tóku viðtöl við sitt starfsfólk í október og leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk leikskólans í júní. Á næsta skólaári munu þessi samtöl vera aftur að hausti í október og að vori í maí. Tilgangur starfsþróunarsamtala er að skapa vettvang og taka frá stund til að heyra hvernig starfsmönnum líður. Einnig að hlusta á óskir þeirra varðandi starfsþróun og í lok samtals að vori setur starfsmaður sér markmið sem hann vinnur að í starfi sínu.

**Skólaárið 2025 - 2026** er stefnt að því að fá eftirfarandi fræðslu fyrir alla starfsmenn á skipulagsdögum:

- Frjáls leikur í tengslum við breytingar á aðalnámskrá leikskóla. Það stóð til að hafa þennan fyrirlestur á síðasta starfsári en fyrirlesarinn forfallaðist.
- Andleg og félagsleg vellíðan og samskipti frá Stuðnings- og ráðgjafateymi fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar.
- Opinn efniviður. Það tókst ekki fá fyrirlestur um þetta viðfangsefni á síðasta ári.
- Skráningar.

Margir starfsmenn vilja bíða eftir því að sjá hvaða námskeið verða í boði á næsta starfsári og koma þá með sínar starfsþróunaróskir og komið er til móts við þannig óskir eftir því sem mögulegt er. Í starfsþróunarviðtölum á liðnu skólaári var helst óskað eftir því að komast á námskeið um tónlist með börnum og á námskeið í tengslum við stjórnun.

# 7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið við Rimaskóla hefur gengið vel í vetur, vel skipulagt og markvisst. Fyrsta heimsókn var í bókasafnið og þar fengu börnin kynningu á bókasafninu, skoðuðu bækur og tóku í spil. Fyrrverandi nemendur komu í heimsókn í Fífuborg í október, léku sér, teiknuðu og spjölluðu við kennara og nemendur.





Í desember fórum við Íþróttatíma þá er alltaf Tarzan leikur, mikið fjör og börnin skemmta sér vel. Fórum aftur fyrir páskana í Tarzan leik, þessir tímar eru með 1.bekk. Rimafjör var í apríl það var mjög skemmtilegt og spennandi. Á svipuðum tíma var farið í heimsókn í 1.bekk og börnin mjög áhugasöm um hvað er gert í grunnskólanum.

Farið var í eina heimsókn í Frístundaheimilið Tígrisbæ. Þar fannst börnunum skemmtilegt að skoða öll leikföngum, lita og perla. Þeim var boðið upp á ávexti og djús sem þau snæddu af bestu lyst. Á Degi íslenskrar tungu kom 4.bekkur Rimaskóla í leikskólana í hverfinu og lásu sögu fyrir börnin.



Tímasett áætlun fyrir komandi skólaár kemur að hausti eftir fund með Rimaskóla og leikskólum í nágrenninu. Reynt er að tímasetja eftir stundatöflu skólans og eftir bestu getu að velja daga sem hentar leikskólanum líka. Skipulagið sem er í boði er gróflega eftir farandi:

- ✓ Heimsókn í bókasafn Rimaskóla í október
- ✓ Danstími í Rimaskóla í október
- ✓ Börn í 1. bekk í Rimaskóla heimsækja leikskólana í hverfinu í október
- ✓ Heimsókn barna í 4. bekk í Rimaskóla í leikskólana í hverfinu á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember
- ✓ Föstudagsfjör í apríl
- ✓ Íþróttatími í Rimaskóla í desember og mars
- ✓ Bekkjarheimsókn í 1. bekk í mars/apríl
- ✓ Heimsókn í Frístund (Tígrisbæ) í febrúar
- ✓ Skoðunarferð um skólann í maí (féll niður í ár)

# 8 Foreldrasamvinna

Við leikskólann starfar foreldrafélag og foreldraráð og mun hlutverk þeirra vera með sama fyrirkomulagi og síðustu ár. Ráðinu er ætlað að vera umsagnaraðili um ársáætlun, endurmat, námskrá og annað er snertir leikskólastarfið. Foreldrafélagið Fífan sinnir ákveðnum verkefnum og skipuleggur uppákomur s.s. sveitaferð, greiðir fyrir leiksýningar og jólasvein og innheimtir gjöld foreldrafélags.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Fífuborgar skólaárið 2025 – 2026:

- Fim. 02. október 2025. Sameiginlegur skipulagsdagur í Rimahverfi.
- Fös. 28. nóvember 2025. Sameiginlegur skipulagsdagur í Rimahverfi.
- Fös. 06. febrúar 2026. Sameiginlegur skipulagsdagur í Rimahverfi.
- Mán. 09. mars 2026.
- Mán. 20. apríl 2026.
- Þri. 19. maí 2026.

Leikskóladagatal Fífuborgar skólaárið 2025 – 2026: Sjá fylgiskjal 2.

## 10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Leikskóladagatal

10.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans Fífuborgar

Helga Arnfjörð Sigurðardóttir 30. Júní 2025

____________________________________________

Leikskólastjóri Dagsetning

10.1 Umsögn foreldraráðs

# Starfsáætlun 2025 – 2026
# Leikskólinn Fífuborg

# Umsögn foreldraráðs

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Kristján Gísli Stefánsson
Aðalbjörg Sigurðardóttir
Ingibjörg B. Guðmundsdóttir
Ísak Már Símonarson

# Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Starfsáætlunin er vel upp sett og auðlesin, og það sést greinilega að vel er hugað að öllum þáttum leikskólastarfsins. Þótt Fífuborg sé augljóslega að gera frábæra hluti, er flott að sjá að starfsfólkið er gagnrýnið á eigið starf og vill alltaf gera betur – það er klárt merki um góðan leikskóla. Það er líka sérstaklega ánægjulegt að sjá að frjáls leikur er farinn að fá mikið vægi í dagskipulaginu og að starfsfólk er meðvitað um það. Svo er bara gaman að sjá að markmið næsta árs er að auka skráningar.

Þegar maður kemur inn í Fífuborg tekur alltaf á móti manni hlýlegar og brosandi móttökur, bæði fyrir barn og foreldra. Það er augljóst að starfsfólkið hefur unun af því að vinna með börnunum. Lykiláherslur eins og frjáls leikur, félagsfærni og bernskulæsi hafa gefið börnunum aukin tækifæri til að þroskast og vera örugg í sínu nærumhverfi. Þessi vinna hefur líka skilað sér heim í meiri bókaáhuga, auknum samskiptum og tilfinningalegu læsi hjá börnunum. Það er ánægjulegt að sjá að markmið deilda eru skýr og að unnið er að þeim miðað við getu og þroska hvers barns. Einnig nýtir allur skólinn vel nærumhverfið sitt og vinnur vel að náttúrutengingum. Heillaspor er frábær viðbót við starfið sem eflir styrkleika bæði starfsfólks og barna. Samstarf milli skóla og heimila er gott og sinnir starfsfólk leikskólans því að hlusta á raddir foreldra þar sem helsta gagnrýnin væri betra upplýsingaflæði til foreldra um starf á deildum. Hefur sá þáttur því verið settur í eitt af markmiðum næsta árs.

**Fulltrúar í foreldraráði:**

Kristján Gísli Stefánsson
Aðalbjörg Sigurðardóttir
Ingibjörg B. Guðmundsdóttir
Ísak Már Símonarson

**Undirskrift fulltrúa í foreldraráði**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

**Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

**Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## 10.2 Leikskóladagatal

### Leikskóladagatal 2025 - 2026

**Nafn leikskóla:** Fífuborg

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M Skráningardagar | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F **Skipulagsdagur** | 2 S | 2 Þ | 2 F | 2 M | 2 M | 2 F Skírdagur | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M **Svartar litavikur** | 3 M Foreldraskemmtun Lh. og Ah. | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 M Frídagur verslunarmanna | 4 F | 4 L | 4 Þ | 4 F Foreldraskemmtun Dh. og Hh. | 4 S | 4 M | 4 M **Jarðskjálftaæfing** | 4 L | 4 M | 4 F **Útskrift elstu barna** | 4 L |
| 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F Rautt og fjólublátt litaball | 5 M | 5 F **Hvítt litaball** | 5 F Blátt litaball | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 M | 6 L | 6 M Þemað Ég, skólinn og heimurinn minn hefst | 6 F | 6 L | 6 Þ Þrettándinn Kaffihús á deildum | 6 F Dagur leikskólans **Skipulagsdagur** | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L | 6 M |
| 7 F | 7 S Dagur læsis (8. sept.) | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólans | 7 L | 7 Þ | 7 F Grænt litaball | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 M Appelsínugular og brúnar litavikur | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F Hópasít | 8 M | 8 M |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M **Skipulagsdagur** | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| 10 S | 10 M | 10 F | 10 M Foreldraviðtöl hefjast | 10 M **Brunaæfing** | 10 L | 10 Þ | 10 Þ Foreldraviðtöl hefjast | 10 F | 10 S | 10 M Skólaslit grunnskóla | 10 F |
| 11 M | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F Jólaball | 11 S | 11 M Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | 11 L |
| 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F | 12 M Þemað Fjölskyldan og nánasta umhverfi hefst | 12 F | 12 F | 12 S | 12 Þ **Brunaæfing** | 12 F | 12 S |
| 13 M | 13 L | 13 M Bleikar litavikur hefjast | 13 F **Svart litaball** | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 F | 13 M Vorönn hefst | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 F | 14 S | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 L | 14 L Dagur stærðfræðinnar | 14 Þ | 14 F Uppstigningardagur | 14 S | 14 Þ |
| 15 F | 15 M | 15 M **Brunaæfing** | 15 L | 15 M | 15 F | 15 S | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 M |
| 16 L | 16 Þ Dagur íslenskrar náttúru | 16 F | 16 S Dagur íslenskrar tungu | 16 Þ | 16 F | 16 M Bolludagur | 16 M Gular litavikur hefjast | 16 F | 16 L | 16 Þ **Sumarhátíð** | 16 F |
| 17 S | 17 M | 17 F | 17 M | 17 M | 17 L | 17 Þ Sprengidagur | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| 18 M | 18 F Appelsínugult og brúnt litaball | 18 L | 18 Þ | 18 F | 18 S **33 ára afmæli Fífuborgar** | 18 M Öskudagur | 18 M | 18 L | 18 M | 18 F | 18 L |
| 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F | 19 M | 19 F Skráningardagar | 19 F | 19 S | 19 Þ **Skipulagsdagur** | 19 F | 19 S |
| 20 M | 20 L | 20 M | 20 F Dagur mannréttinda barna | 20 L | 20 Þ | 20 F Skráningardagar | 20 F | 20 M **Skipulagsdagur** | 20 M **Ömmu og afakaffi** | 20 L | 20 M |
| 21 F | 21 S | 21 Þ | 21 F Jólaundirbúningur hefst | 21 S | 21 M | 21 L | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 Þ |
| 22 F Skólasetning grunnskóla | 22 M Foreldrafundur á Hulduheimum kl. 08.15 | 22 M | 22 L | 22 M | 22 F | 22 S Konudagur - upphaf Góu | 22 S | 22 M | 22 F Umhverfisdagur | 22 M | 22 M |
| 23 L | 23 Þ Foreldrafundur á Dvergheimum kl. 08.15 | 23 F Bleikt litaball | 23 S | 23 Þ Þorláksmessa | 23 F Bóndadagur - upphaf Þorra | 23 M Bláar litavikur hefjast | 23 M | 23 F Sumardagurinn fyrsti | 23 L | 23 Þ | 23 F |
| 24 S | 24 M Foreldrafundur á Álfheimum kl. 08.15 | 24 F Skráningardagur | 24 M Rauðar og fjólubláar litavikur | 24 M Aðfangadagur jóla | 24 L | 24 Þ | 24 Þ | 24 F | 24 S Hvítasunnudagur | 24 M | 24 F |
| 25 M | 25 F Foreldrafundur á Ljósheimum kl. 08.15 | 25 L Fyrsti vetrardagur | 25 Þ | 25 F Jóladagur | 25 S | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M Annar í Hvítasunnu | 25 F | 25 L |
| 26 Þ | 26 F Evrópski tungumáladagurinn | 26 S | 26 M | 26 F Annar í jólum | 26 M Hvítar litavikur hefjast | 26 F | 26 F Gult litaball | 26 S | 26 Þ | 26 F | 26 S |
| 27 M | 27 L | 27 M Skráningardagur | 27 F | 27 L | 27 Þ | 27 F | 27 F | 27 M Grænar litavikur hefjast | 27 M | 27 L | 27 M |
| 28 F | 28 S | 28 Þ Skráningardagur | 28 F **Skipulagsdagur** | 28 S | 28 M | 28 L | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 Þ |
| 29 F | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M Skráningardagur | 29 F **Vasaljósadagur** | | 29 S Pálmasunnudagur | 29 M | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 L | 30 Þ | 30 F **Bangsadagur** | 30 S | 30 Þ Skráningardagur | 30 F | | 30 M Skráningardagar | 30 F | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 S | | 31 F | | 31 M Gamlársdagur | 31 L | | 31 Þ Skráningardagar | | 31 S | | 31 F |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

## 10.3 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn)

Endurmat
Gátlisti.
Tíminn frá kl. 07.30-08.00.
Móttaka barna á deild.
Morgunverður.
Frjáls leikur.
Útivera
- Hjól, snjóþotur
- Yfirsýn
- Starfsmenn á svæðum
- Verkefni

Agi.
Tilboð (hvað er boðið upp á, hverju er ábótavant), listsköpun, hlutverkaleikur, spil, leir, sull, borðleikir, gólfleikir).
Leikföng að heiman.
Frágangur deildar.
Svæðin frammi – nýting.
Þema.
Tónlist.
Sögustundir.
Söngur, hvar, hvenær.
Að hlusta á tónlist, geisladiska, útvarp, tölvan. Hvar, hvenær, hversu oft.
Alstund. Hvað er gert? Náum við athygli allra?
Hvert er hlutverk:
- Stjórnandans
- Annarra starfsmanna

Hvað er gert, hvers vegna, hvernig?
Veðurfræðingur.
Hádegisverðartími.
Vinnubrögð starfsmanna.
Borðsiðir.
Reglur s.s. að ljúka við matinn o.fl.
Umsjónarmenn og hlutverk þeirra.
Snyrting.
Hlutverk starfsmanns.
- Í frjálsum leik
- Skipulögðum stundum
- Á öðrum tímum

Á hvað leggjum við áherslu s.s. sturta niður, handþvottur, skipta um tuskur og handklæði, fara með rusl. Huga að vöskum.
Hvíldarstund.
Skipting hópsins.
Framkvæmd.

Síðdegishressing.
Kaffitímar starfsfólks.
Samstarf deilda.
Stuðningur.
Tíminn frá 15.30-16.00.
Frjáls leikur frá 16.00-16.30.
Fataherbergi.
Frágangur.
Óskilaföt.
Verkaskipting/vaktaskema.
Þátttaka barna í daglegum störfum
Að taka barn í fangið, persónuleg athygli. Fá hana örugglega allir?
Gefðu 10
Berum við virðingu fyrir vinastund og öðrum samverustundum.
Samskipti við foreldra.
Upplýsingamiðlun.
Afmæli barnanna.
Gönguferðir.
Að skipta út leikföngum, bókum o.þ.h.
Deildarfundir.
Könnunaraðferðin, könnunarleikurinn.
Skráningar.

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST

# Leikskóladagatal 2025 - 2026

**Nafn leikskóla:** **Fífuborg**

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M Fullveldisdagurinn | 1 F Nýársdagur | 1 S | 1 S | 1 M Skráningardagar | 1 F Verkalýðsdagurinn | 1 M | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F **Skipulagsdagur** | 2 S | 2 Þ | 2 F | 2 M | 2 M | 2 F Skírdagur | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M **Svartar litavikur** | 3 M Foreldraskemmtun L.h og A.h. | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F Föstudagurinn langi | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 M Frídagur verslunarmanna | 4 F | 4 L | 4 Þ | 4 F Foreldraskemmtun D.h. og H.h. | 4 S | 4 M | 4 M **Jarðskjálftaæfing** | 4 L | 4 M | 4 F **Útskrift elstu barna** | 4 L |
| 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F Rautt og fjólublátt litaball | 5 M | 5 F **Hvítt litaball** | 5 F Blátt litaball | 5 S Páskadagur | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 M | 6 L | 6 M Þemað *Ég sjálfur og líkaminn minn* hefst | 6 F | 6 L | 6 Þ Þrettándinn Kaffihús á deildum | 6 F Dagur leikskólans **Skipulagsdagur** | 6 F | 6 M Annar í Páskum | 6 M | 6 L | 6 M |
| 7 F | 7 S Dagur læsis (8. sept.) | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L Dagur tónlistarskólan | 7 L | 7 Þ | 7 F Grænt litaball | 7 S Sjómannadagurinn | 7 Þ |
| 8 F | 8 M Appelsínugular og brúnar litavikur | 8 M | 8 L Baráttudagur gegn einelti | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F Hópaslit | 8 M | 8 M |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M **Skipulagsdagur** | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| 10 S | 10 M | 10 F | 10 M Foreldraviðtöl hefjast | 10 M **Brunaæfing** | 10 L | 10 Þ | 10 Þ Foreldraviðtöl hefjast | 10 F | 10 S | 10 M Skólaslit grunnskóla | 10 F |
| 11 M | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F **Jólaball** | 11 S | 11 M Dagur íslenska táknmálsins | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | 11 L |
| 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F | 12 M Þemað Fjölskyldan og nánasta umhverfið hefst | 12 F | 12 F | 12 S | 12 Þ **Brunaæfing** | 12 F | 12 S |
| 13 M | 13 L | 13 M Bleikar litavikur hefjast | 13 F **Svart litaball** | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 F | 13 M Vorþema hefst | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 F | 14 S | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 L | 14 L Dagur stærðfræðinnar | 14 Þ | 14 F Uppstigningardagur | 14 S | 14 Þ |
| 15 F | 15 M | 15 M **Brunaæfing** | 15 L | 15 M | 15 F | 15 S | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 M |
| 16 L | 16 Þ Dagur íslenskrar náttúru | 16 F | 16 S Dagur íslenskrar tung | 16 Þ | 16 F | 16 M Bolludagur | 16 M Gular litavikur hefjast | 16 F | 16 L | 16 Þ **Sumarhátíð** | 16 F |
| 17 S | 17 M | 17 F | 17 M | 17 M | 17 L | 17 Þ Sprengidagur | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 M Lýðveldisdagurinn | 17 F |
| 18 M | 18 F Appelsínugult og brúnt litaball | 18 L | 18 Þ | 18 F | 18 S **33 ára afmæli Fífuborgar** | 18 M Öskudagur | 18 M | 18 L | 18 M | 18 F | 18 L |
| 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F | 19 M | 19 F Skráningardagar | 19 F | 19 S | 19 Þ **Skipulagsdagur** | 19 F | 19 S |
| 20 M | 20 L | 20 M | 20 F Dagur mannréttinda barna | 20 L | 20 Þ | 20 F Skráningardagar | 20 F | 20 M **Skipulagsdagur** | 20 M **Ömmu og afakaffi** | 20 L | 20 M |
| 21 F | 21 S | 21 Þ | 21 F Jólaundirbúningur hefst | 21 S | 21 M | 21 L | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 Þ |
| 22 F Skólasetning grunnskóla | 22 M Foreldrafundur á Hulduheimum kl.08:15 | 22 M | 22 L | 22 M | 22 F | 22 S Konudagur - upphaf Góu | 22 S | 22 M | 22 F Umhverfisdagur | 22 M | 22 M |
| 23 L | 23 Þ Foreldrafundur á Dvergheimum kl.08:15 | 23 F Bleikt litaball | 23 S | 23 Þ Þorláksmessa | 23 F Bóndadagur - upphaf Þorra | 23 M Bláar litavikur hefjast | 23 M | 23 F Sumardagurinn fyrsti | 23 L | 23 Þ | 23 F |
| 24 S | 24 M Foreldrafundur á Álfheimum kl.08:15 | 24 F Skráningardagur | 24 M Rauðar og fjólubláar litavikur | 24 M Aðfangadagur jóla | 24 L | 24 Þ | 24 Þ | 24 F | 24 S Hvítasunnudagur | 24 M | 24 F |
| 25 M | 25 F Foreldrafundur á Ljósheimum kl.08:15 | 25 L Fyrsti vetrardagur | 25 Þ | 25 F Jóladagur | 25 S | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M Annar í Hvítasunnu | 25 F | 25 L |
| 26 Þ | 26 F Evrópski tungumálad. | 26 S | 26 M | 26 F Annar í jólum | 26 M Hvítar litavikur hefjast | 26 F | 26 F Gult litaball | 26 S | 26 Þ | 26 F | 26 S |
| 27 M | 27 L | 27 M SKráningardagur | 27 F | 27 L | 27 Þ | 27 F | 27 F | 27 M Grænar litavikur hefjast | 27 M | 27 L | 27 M |
| 28 F | 28 S | 28 Þ Skráningardagur | 28 F **Skipulagsdagur** | 28 S | 28 M | 28 L | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 Þ |
| 29 F | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M Skráningardagur | 29 F **Vasaljósadagur** | | 29 S Pálmasunnudagur | 29 M | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 L | 30 Þ | 30 F **Bangsadagur** | 30 S | 30 Þ Skráningardagur | 30 F | | 30 M Skráningardagar | 30 F | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 S | | 31 F | | 31 M Gamlársdagur | 31 L | | 31 Þ Skráningardagar | | 31 S | | 31 F |

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.